

BREIÐADALSVIRKJUN

500 kW virkjun í landi Veðrarár 2 Önundarfirði, Ísafjarðarbæ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að 500 kW Breiðadalsvirkjun sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að þar sem margvísleg mannvirki eru á framkvæmdarsvæðinu þá verði sjónræn áhrif framkvæmdanna og áhrif þeirra á landslag lítil. Ummerkin verði mest áberandi á meðan framkvæmdir standa yfir en þegar frágangi verði lokið og gróður hefur hulið ummerki þrýstípu muni lítið bera á mannvirkjum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Orkuvinnslunnar ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Orkuvinnslunnar ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að 500 kW Breiðadalsvirkjun sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir á að breytt tilhögun við Breiðadalsvirkjun er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins. Inntaksmannvirki eru utan deiliskipulagssvæðisins og afl virkjunarinnar er mun meira en þau 150 kW sem tilgreind eru í deiliskipulaginu. Áður en framkvæmda og virkjunarleyfi eru gefin út þarf því að breyta deiliskipulaginu. Breyting á deiliskipulaginu er háð lögum um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og virkjunarleyfi Orkustofnunar skv. raforkulögum nr. 65/2003.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 21. maí 2012.

INNGANGUR

Þann 9. mars 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Orkuvinnslunni ehf. vegna fyrirhugaðra breytinga á Breiðadalsvirkjun í landi Veðrarár 2 í Önundarfirði, Ísafjarðarbæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 17. apríl 2012, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 10. apríl 2012, Orkustofnun með bréfi dags. 3. apríl 2012, Umhverfisstofnun með bréfum dags. 22. mars og 12. apríl 2012 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 3. apríl 2012. Frekari upplýsingar bárust frá Orkuvinnslunni með tölvupósti dags. 27. mars 2012.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð Orkuvinnslunnar ehf. kemur fram að bygging Breiðadalsvirkjunar sé hafin. Stöðvarhús sé risið og búið sé að leggja hluta þrýstilagnar. Áform um stærri virkjun en í upphafi var ætlað geri það að verkum að framkvæmdirnar falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Breytingar frá upphaflegum áformum felist í stærri vatnsvél í stöðvarhúsi og 200 m færslu inntaks með samsvarandi lengingu þrýstilagnar.

Fram kemur að virkjunin sé staðsett í landi Veðrarár 2 í Breiðadal, um 1 km framan við bæinn Fremri-Breiðadal og um 1 km neðan við gangnamunna þjóðveggar 60. Virkjuð hafi verið þverá sem renni úr skál sem nefnist Nautaskál. Ýmis mannvirki séu í Breiðadal, þar á meðal tvær háspennulínur sem liggja yfir heiðina og línuvegir með þeim. Landfræðilegar aðstæður til virkjunar séu ákjósanlegar á svæðinu. Fallhæð mikil, þrýstilögn stutt og raforkudreifikerfi nærri.

Í greinargerðinni kemur fram að virkjað rennsli sé $0,25 \text{ m}^3/\text{s}$ og virk fallhæð 235 metrar. Afl virkjunarinnar verði um 500 kW. Stöðvarhúsið sé steinsteyp, um 45 m^2 að grunnfleti og lágrest. Fyllt verði að húsinu að hluta. Inntakið og yfirfallið verði steinsteyp, rúmir 2 metrar á hæð og breidd yfirfalls um 3 metrar. Þrýstilögnin verði niðurgrafin, 35 cm í þvermál og um 1200 metra löng. Aðstæður á svæðinu eru þannig að lítið efni þurfi vegna þessara framkvæmda. Í vegslóða að stöðvarhúsi hafi verið notað efni úr námu við gangnamunnann og þaðan verði efni einnig fengið til að fylla að stöðvarhúsi. Ekkert umframefni falli til við framkvæmdirnar. Um 200 m langur afleggjari liggur frá þjóðvegi 60 að stöðvarhúsinu. Gamli heiðarvegurinn sé notaður til að komast upp með þrýstilögninni að hluta en gerður verði vegslóði meðfram efri hluta lagnarinnar svo fært sé upp í inntak. Virkjunin verði tengd dreifikerfi Orkubús Vestfjarða. Lagður verði jarðstrengur frá Fremri-Breiðadal og fram að virkjun.

Áhrif á vatnafar. Fram kemur að Heiðarvatnslækur verði tekinn í skurði frá ræsi og um 40 m leið að inntaki. Langá spretti upp úr jörðinni og rennslið sé stöðugt, það sama eigi við um Heiðarvatnslæk. Lækirnir verði teknir í gegnum virkjunina að öllu leyti stærsta hluta ársins. Um sé að ræða nánast eingöngu lindarvatn í þeirri hæð sem inntökin séu. Aðeins í vorleysingum muni vatn renna framhjá. Neðan við inntökin séu aðrir lækir og aðrar lindir sem ekki verði virkjuð. Neðar í dalnum verði því áfram alltaf vatn í Breiðadalsánni þó það verði skert sem nemur virkjuðu rennsli.

Áhrif á gróður. Fram kemur að nokkur gróður sé á mestum hluta framkvæmdasvæðisins. Þar sé að mestu leyti um að ræða grös, lyng og mosa. Gróður sé gisnari þegar ofar dregur. Framkvæmdirnar raska þessum gróðri nokkuð en sáð verði í sár í lok framkvæmda.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að minjavörður hafi skoðað svæðið en ekki fundið fornleifar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Orkustofnun og Veðurstofa Íslands gera ekki athugasemdir við framlögð gögn. Ísafjarðarbær og Fornleifavernd ríkisins telja ekki ástæðu til að framkvæmdirnar fari í mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdirnar hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á landslag og gróðurfar. Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd muni hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir og landslag m.a. vegna ummerkja um ýmsar framkvæmdir í næsta nágrenni virkjunarinnar.

Áhrif á gróður. Umhverfisstofnun bendir á að nokkur óvissa ríkir um gróðurfar eins og fram komi í gögnum frá Náttúrustofu Vestfjarða. Umrædd framkvæmd sé þó umfangslítill.

Í viðbótarupplýsingum sem Orkuvinnslan ehf. aflaði hjá Náttúrustofu Vestfjarða kemur fram að gróðurkort af svæðinu séu ekki til en við athugun á tegundaskráningu háplantna í þeim reit sem framkvæmdin sé innan, hafi komið í ljós að ekki hafi fundist friðlýstar háplöntur eða háplöntur á válista á svæðinu. Til að gera forathugun á gróðri á svæðinu hafi verið notast við gögn sem Náttúrustofa Vestfjarða hafi aðgang að og einnig ljósmyndir sem framkvæmdaraðili lét af hendi. Við upptök Langár séu grasvíðir og maríustakkur næst ánni en fjær ánni finnubrekkur með lyngi, krækilyngi og bláberjalyngi. Hlíðin frá upptökum Langár og að inntaksþró við Heiðarvatnslæk sé að mestu lítt gróinn melur með lítilli þekju (<10%) af mosa með smárunnum s.s. grasvíði og krækilyngi. Nær Heiðarvatnslæknum sé gróðurþekjan meiri, allt að fullri þekju sums staðar. Þar séu lyngbrekkur, líklega mest aðalbláberjalyng, bláberjalyng og krækilyng en einnig finnubreggur og líklega fleiri grastegundir innan um lyngið. Meðfram aflögðum vegi þar sem þrýstipípan komi til með liggja sé raskað land og að hluta vegskurður sem sé að mestu gróðurlaust svæði. Þó sé líklega djúamosi í blettum. Í hlíðinni þar sem búíð sé að grafa niður þrýstipípu niður að stöðvarhúsi hafi verið farið í gegnum brekku, að mestu vaxna bláberja- og krækilyngi en einnig aðalbláberjalyngi og grösum.

Fram kemur að gróðurskoðun hafi ekki farið fram en til standi að skoða svæðið þegar snjóá leysi og verði þá athugað hvort einhverjar friðlýstar plöntur eða plöntur á válista finnist, ásamt því að kanna hvort gróðurlendi sem njóti friðunar finnist á framkvæmdarsvæðinu. Gerð verði grein fyrir því ef athuganir leiði í ljós plöntur eða gróður sem hafi nokkurt verndargildi.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingar á Breiðadalsvirkjun í landi Veðrarár 2 í Önundarfirði, Ísafjarðarbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að þar sem margvísleg mannvirki eru á framkvæmdarsvæðinu þá verði sjónræn áhrif framkvæmdanna og áhrif þeirra á landslag lítil. Ummerkin verði mest áberandi á meðan framkvæmdir standa yfir en þegar frágangi verði lokið og gróður hefur hulið ummerki þrýstipípu muni lítið bera á mannvirkjum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Orkuvinnslunnar ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Orkuvinnslunnar ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að 500 kW Breiðadalsvirkjun sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir á að breytt tilhögun við Breiðadalsvirkjun er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins. Inntaksmannvirki eru utan deiliskipulagssvæðisins og afl virkjunarinnar er mun meira en þau 150 kW sem tilgreind eru í deiliskipulaginu. Áður en framkvæmda og virkjunarleyfi eru gefin út þarf því að breyta deiliskipulaginu. Breyting á deiliskipulaginu er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og virkjunarleyfi Orkustofnunar skv. raforkulögum nr. 65/2003.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (sbr. 25. gr. laga nr. 131/2011). Kærufrestur er til 21. maí 2012.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson



Skipulags
stofnun